

Fundargerð

30. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 30. nóvember 2012 kl. 13:30 að Borgartúni 12 - 14.

Mættir:

Reykjavík:

Páll Hjaltason og Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir

Garðabær:

Stefán Konráðsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Gunnarsson

Seltjarnarnesbær.

Ólafur Egilsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

Sveitarfélagið Álftanes:

Kristinn Guðlaugsson og Guðmundur G. Gunnarsson

Kjósarhreppur:

Ennfremur sátu fundinn Haraldur Sigurðsson verkefnisstjóri á skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar, Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri Kópavogs og Arnibjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri Garðabæjar.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði. Páll lagði til breytingu á dagskrá, bætt yrði máli um svæðisskipulagsbreytingu-Holtsgöng og aukið byggingarmagn á svæði nr. 5 - staða afgreiðslu í sveitarfélögum. Sem var samþykkt

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt án athugasemda.

2. Svæðisskipulagsbreyting - Holtsgöng og aukið byggingarmagn á svæði nr. 5. Staða afgreiðslu í sveitarfélögum.

Páll Hjaltason fór yfir afgreiðslu sveitarfélaga. Seltjarnarnes hefur óskað eftir ferkari umræður um umferðarmál áður en endanleg afgreiðsla fer fram. Kjósahreppur feldi breytinguna á jöfnum atkvæðum. Páll lagði til eftirfarandi bókanir til samþykktar:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að fela svæðisskipulagsstjóra að boða til fundar með bæjarstjórn Seltjarnarness, auk fulltrúa sveitarfélagsins í svæðisskipulagsnefnd, til að fara yfir umferðarmál og fyrirhugaða uppbyggingu við Hringbraut. Eftir verði til fundarins strax í næstu viku.

Svæðisskipulagsstjóra verði jafnframt falið að boða til fundar með sveitarstjórn Kjósahrepps til að fara yfir þeirra afstöðu gagnvart svæðisskipulagsbreytingunni.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að gera bókanirnar að sínum.

3. Kynning Skipulagsstofnunar um ákvæði skipulagslaga um svæðisskipulag og hlutverk svæðisskipulagsnefndar

Hafðís Hafliðadóttir sviðstjóri hjá Skipulagsstofnun hélt erindu um ákvæði skipulagslaga og hlutverk svæðisskipulagsnefndar.

Umræður:

Talsverðar umræður urðu í kjölfar um starfssvið nefndarinnar og eðli svæðisskipulags. Svæðisskipulagsnefnd þakkar Hafðísi fróðlegt erindi og umræður.

4. Stöðumat vegna endurskoðunar svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri kynnti stöðu verkefnisins. Fram kom yfirlit yfir aðgengileg gögn, upplýsingar um stöðu endurskoðunar vatnsverndar og tillaga að verkáætlun til áramóta sem byggir á samþykkt svæðisskipulagsnefndar þann 28.9. sl.

Umræður.

Ábending kom fram um að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hafi kortlagt búsetu í ósamþykktum íbúðum sem gæti verið gagnlegar upplýsingar í stöðu á íbúðamarkaði. Rætt var um að þær upplýsingar sem safnað hafi verið saman verði fulltrúum nefndarinnar aðgengilegar á gagnagátt SSH.

5. Erindi Garðarbæjar - kynning á tillögu að friðlýsingu Búrfells og Búrfellshrauns.

Arinbjörn Vilhjálmsson kynnti tillögur að friðlýsingum í landi Garðabæjar.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að fela fagraði að gera drög að umsögn um áhrif friðlýsinganna á endurskoðun svæðisskipulagsins sem nú fer í hönd.

6. Erindi Mosfellsbæjar - kynning á tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Mofellsbæjar.

Finnur Birgisson kynnti tillögur að aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011 - 2030 skv. 30. gr skipulagslaga 123/2010 og vísað í minnisblað dags. 21.6. 2012 um samræmi aðalskipulagstillögunnar við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Umræður.

Nokkuð var rætt um vanda sem stafaði að tímabil aðalskipulagstillögunar væri umfram gildistíma svæðisskipulags. Bent var á að Skipulagsstofnun hafi ekki gert athugasemdir við þessa tilhögun.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að fela fagraði að gera drög að umsögn um samræmi aðalskipulagstillögunar við gildandi svæðisskipulag og áhrif á endurskoðun svæðisskipulagsins sem nú fer í hönd.

7. Erindi Kópavogs - kynning á tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Kópavogs.

Birgir H. Sigurðsson kynnti tillögur að aðalskipulagi Kópavogs 2011 - 2024 skv. 30. gr skipulagslaga 123/2010. Óskar eftir mati og umsögn fagraðs á tillögunni.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Umraður.

Fulltrúar Seltjarnarness gera fyrirvara við drög að aðalskipulagi Kópavogs 2012 - 2024 að leyti sem þau ná til afréttar Seltjarnarness og Kópavogs og áréttar landsréttindi Seltjarnarness á því svæði.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að fela fagraði að gera drög að umsögn um samræmi aðalskipulagstillögunar við gildandi svæðisskipulag og áhrif á endurskoðun svæðisskipulagsins sem nú fer í hönd.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:15

Fundargerð ritaði Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri SSH